



Reykjavík, 25. október 2023

IER22110017

HS/KBHB

Endurskoðunarnefnd  
b.t. formanns, Lárusar Finnbogasonar

### *Frumkvæðisathugun - Eftirlitsmyndavélar á vegum Reykjavíkurborgar*

Fagsvið persónuverndar hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf hefur unnið frumkvæðisathugun á stöðu eftirlitsmyndavéla á vegum Reykjavíkurborgar og fylgni við persónuverndarlög og persónuverndarreglugerð. Niðurstöðurnar eru hér með sendar endurskoðunarnefnd til kynningar.

Með athugininni var leitast við að öðlast yfirsýn yfir rafræna vöktun sem fer fram með eftirlitsmyndavélum á vegum Reykjavíkurborgar og fá betri mynd af því hvort viðeigandi lagaskilyrði séu uppfyllt. Með aukinni yfirsýn á að vera auðveldara að framfylgja eftirliti með því hvort Reykjavíkurborg standi við skuldbindingar sínar sem ábyrgðaraðila gagnvart lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Í skýrslunni er umfjöllun um þessi mál á sviðum borgarinnar sem fylgt er eftir með ráðgjöf til ábyrgðaraðila eftir atvikum.

Niðurstöður frumkvæðisathugunarinnar eru ekki tæmandi yfirlit yfir málefni rafræns eftirlits en eru til þess fallnar að greina tækifæri til úrbóta þegar kemur að yfirsýn yfir eftirlitsstarfsemi, uppsetningu myndavéla og meðferð efnis sem verður til úr eftirlitsbúnaði. Skýrslan getur þannig bæði nýst starfsstöðvum Reykjavíkurborgar og fagsviði persónuverndar til áframhaldandi gæðastarfs í tengslum við persónuvernd.

Hallur Símonarson  
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Virðingarfyllst,

Kolbrún Birna Hallgrímsdóttir Bachmann  
persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Skýrsla um eftirlitsmyndavélar á vegum Reykjavíkurborgar, dags. október 2023